

## Um sóknargjöld

**Samkvæmt fjárlögum eru sóknargjöld nú 698 krónur á hvern einstakling 16 ára og eldri á mánuði. Sóknargjöld lækka alls um 168 m.kr. árið 2011 eða 9,6% miðað við fjárlög 2010. Ef miðað er við óskertan grunn sóknargjalda árið 2010 eru sóknir að taka á sig 780 m.kr. skerðingu eða 32% - því ef sóknargjaldið hefði verið reiknað samkvæmt óbreyttum lögum ætti það vera 1.031 kr. árið 2010.**

Þann 1. desember 2010 voru 5.390 manns 16 ára og eldri<sup>1</sup> skráðir í Lögmannshlíðarsókn. Ef sóknin fengi tekjur samkvæmt óbreyttum lögum, þá næmu sóknargjöld til hennar 5.557.090 krónum á mánuði eða 66.685.080 krónum árið 2011. En sökum þeirrar skerðingar sem hefur orðið á sóknargjöldunum með lagaákvæðum til bráðabirgða (sjá hér að neðan) þá mun sóknin aðeins fá 3.762.220 krónur á mánuði, eða 45.146.640 krónur árið 2011. Vert er að nefna að sóknargjöld renna ekki óskert til sóknarinnar heldur að hluta í svonefndan héraðssjóð sem stendur undir starfi í prófastsdæminu.

Árið 2002 var sóknargjald ekki hækkað í samræmi við lög um sóknargjöld um 9,1%. Árið 2008 voru sóknargjöld komin í kr. 872 á mánuði fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í þjóðkirkjunni og hefði átt að hækka um 6,1% í janúar 2009 eða í 925 kr. á mánuði. Sóknargjöldin voru hins vegar með lagasetningu lækkuð í byrjun árs 2009 í 855 kr. og aftur með annarri lagasetningu 1. júlí 2009 í 811 kr. á mánuði út árið. Sóknargjöld urðu því að meðaltali 833 kr. fyrir allt árið 2009. Árið 2010 eru sóknargjöld 767 kr. á mánuði og lækka í 698 kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2011.

Á vef fjársýslu ríkisins kemur fram að sóknargjöld eru greidd út 15. hvers mánaðar vegna hlutdeildar í tekjuskatti næsta mánaðar á undan. Sóknargjöld sem greidd eru 15. janúar eru því vegna hlutdeildar í tekjuskatti desembermánaðar.

Greiðsla á sóknargjöldum er ákvörðuð skv. 2. gr. 1. nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. og er reiknuð þannig að fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári er greitt ákveðið gjald. Þetta gjald var kr. 400,24 á árinu 1997 samkvæmt lagatexta fyrrnefndra laga (<http://www.althingi.is/lagas/139a/1987091.html>).

Í fyrrnefndum lögum kemur einnig fram að sóknargjaldi er ætlað að taka breytingum milli ára til samræmis við þá hækkun sem verður á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna ára á undan gjaldári. Innanríkisráðherra er ætlað að ákvarða fjárhæð sóknargjalds í samræmi við það. Sóknargjaldið er svo greitt inn á bankareikning viðkomandi sóknar eða skráðs trúfélags.

---

<sup>1</sup> Aldursskipting er miðuð við þá sem verða 16 ára 31. desember 2010, sjá nánar á [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

Fylgiskjal 1 með ályktun aðalsafnaðarfundar Lögmannshlíðarsóknar.

Eins og nefnt er hér að framan hefur ekki alltaf verið farið eftir þessum lögum heldur samþykkt ákvæði til bráðabirgða, t.d. nú síðast með lögum 146/2010, 25.gr en þar segir: „ Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga vera 698 kr. á mánuði árið 2011 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.]<sup>1)</sup>

Yfirlit yfir breytingar á sóknargjaldi síðustu ár:

**2004, kr. 618** fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri á mánuði.

**2005, kr. 663** fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri á mánuði.

**2006, kr. 720** fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri á mánuði.


**2007, kr. 791** fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri á mánuði.

**2008, kr. 873** fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri á mánuði.

**2009, kr. 833** fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri á mánuði,

**2010, kr. 767** fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri á mánuði.

**2011, kr. 698** fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri á mánuði.



*Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni í Glerárkirkju tók saman.*